



DÓMSTÓLL ÍSÍ

Dómur 19. desember 2025

Mál nr. 7/2025

Ragnar Sverrisson

(Ólafur Örn Svansson lögmaður)

gegn

Dansíþróttasambandi Íslands

(Unnur Ásta Bergsveinsdóttir, lögmaður)

Dómur

Málið var kært til skrifstofu ÍSÍ þann 26. maí 2025 af Ragnari Sverrissyni. Kærði er Dansíþróttasamband Íslands. Kærði skilaði greinargerð til dómstólsins ásamt fylgiskjöllum þann 11. júní 2025. Kærandi var gefinn kostur á að leggja fram viðbótarathugasemdir sem bárust dóminum 15. júní 2025. Í framhaldi lagði kærði fram athugasemdir sínar 25. júní 2025. Önnur kæra barst dómstólnum frá kærandi, mál nr. 8/2025. Niðurstaða þess máls var talin kunna hafa afgerandi áhrif á niðurstöðu máls 7/2025 og var því ákveðið að að bíða með dómsuppsögu. Aðilar voru upplýstir um þá afstöðu dómsins. Dómi í máli 8/2025 var áfrýjað til áfrýjunardómstóls ÍSÍ. Dómur í áfrýjuðu máli 2/2025 féll í nóvember 2025. Var aðilum báðum gefinn kostur að koma að athugasemdum vegna þessa. Eftir að athugasemdir bárust þá var málið tekið til dóms.

Dómkröfur kærandi

Kærandi, Ragnar Sverrisson, krefst þess að:

1. Kærandi krefst þess að felld verði úr gildi ákvörðun kærða að meina kærandi að vera „innan vébanda“ kærða.
2. Kærandi krefst þess að felld verði úr gildi ákvörðun kærða að hafna kærandi að taka þátt í „viðburðum“ sem kærði stendur að.
3. Kærandi krefst þess að felld verði úr gildi ákvörðun kæranda að fresta tímabundið ákvörðun um endurútgáfu WDSF skírteinis í tvö ár.
4. Kærandi krefst þess að ákvörðun kæranda um að hafna endurútgáfu WDSF skírteinis á þeim grundvelli að kærandi sé ekki félagsmaður í DSÍ verði felld úr gildi.





5. Kærandi krefst þess að viðurkennt verði með dómi ÍSí að kæranda sé skylt að gefa út WDSF skírteini til kæranda.
6. Þá er krafist greiðslu málskostnaðar úr hendi kærða.

Dómkröfur kærða

Kærða, Dansíþróttasamband Íslands, krefst þess að öllum kröfum kæranda verði hafnað og að hann greiði málskostnað.

Helstu málsatvik

Mál þetta varðar kæru Ragnars Sverrissonar á hendur Dansíþróttasambandi Íslands (DSÍ) vegna synjunar á endurútgáfu WDSF skírteinis og útilokunar frá þátttöku í viðburðum á vegum DSÍ.

Kærandi sótti um endurútgáfu WDSF skírteinis, en kærða synjaði umsókninni. Kærða rökstuddi synjunina meðal annars með því að kærandi væri ekki meðlimur í aðildarfélagi DSÍ á umsóknartímanum, þar sem Dansfélagið Bíldshöfða, sem kærandi tilheyrði, hafi verið vísað úr Íþróttabandalagi Reykjavíkur (ÍBR) þann 19. apríl 2025 og þar með úr ÍSí og DSÍ. Kærða vísar einnig til alvarlegra ásakana um ósæmilega háttsemi kæranda í garð nemenda sinna og þá álits frá samskiptaráðgjafa.

Í ljósi þessa var kæra lögð fram til dómstóls ÍSí.

Málsástæður kæranda

Helstu málsástæður kæranda eru að ákvarðanir DSÍ, sem meina honum að vera innan vébanda sambandsins, hafna þátttöku hans í viðburðum á vegum þess og fresta endurútgáfu WDSF skírteinis hans, séu ólögmætar. Hann heldur því fram að þessar ákvarðanir brjóti gegn atvinnufrelsi hans og samræmist ekki gildandi málsmeðferðarreglum. Ragnar telur jafnframt að synjunin á endurnýjun skírteinisins og útilokun frá viðburðum jafngildi keppnisbanni sem byggist á órökstuddum ásökunum og brjóti gegn félagafrelsi hans. Hann bendir á að hann sé nú félagsmaður í Dansfélagi Reykjavíkur og að skilyrði fyrir aðild að íþróttasamböndum sé að félagsaðild sé öllum frjáls. Að lokum krefst Ragnar þess að dómstóll ÍSí viðurkenni skyldu DSÍ til að gefa út WDSF skírteini til hans og að kærða verði gert að greiða málskostnað.

Málsástæður kærða

Dansíþróttasamband Íslands (DSÍ) krefst þess að kröfum Ragnars Sverrissonar verði hafnað og að hann greiði málskostnað. Helstu málsástæður DSÍ eru þær að Ragnar hafi ekki verið meðlimur í aðildarfélagi sambandsins á þeim tíma sem hann sótti um endurnýjun WDSF skírteinis, þar sem Dansfélagið Bíldshöfða var vísað úr Íþróttabandalagi Reykjavíkur og þar með úr ÍSí og DSÍ. Þess vegna hafi DSÍ verið rétt og skylt að hafna umsókninni. Enn fremur byggir DSÍ ákvörðun sína á alvarlegum ásökunum um ósæmilega og óviðeigandi háttsemi





Ragnars í garð barna sem voru nemendur hans, en þessar upplýsingar bárust frá foreldrum barnanna. Í ljósi þessara atvika ráðfærði DSÍ sig við Samskiptaráðgjafa íþrótt- og æskulýðsstarfs, en ráðgjöfin mælti með því að standa vörð um öryggi barna. DSÍ telur að Ragnar hafi brotið gegn siðareglum sambandsins og að málsmeðferðin hafi verið rétt og Ragnari hafi verið veittur andmælaréttur.

Tengsl við mál dómstóls ÍSÍ nr. 8/2025

Niðurstaða í máli þessu er nátengd niðurstöðu í máli nr. 8/2025, sem var tekið fyrir dómstól ÍSÍ. Í því máli var tekist á um lögmæti synjunar Dansfélags Reykjavíkur á aðild Ragnars Sverrissonar. Dómstóllinn taldi að kærandi hefði haft réttmætar væntingar um aðild og að félagið hefði ekki fært fram málefnalegar ástæður fyrir synjuninni, og var synjunin því metin ólögmæt.

Sætti málið áfrýjun til áfrýjunardómstóls ÍSÍ. Féll dómur áfrýjunardómstóls ÍSÍ í máli 2/2025 þann 11. nóvember 2025. Var niðurstaða hins áfrýjaða dóms staðfest.

Niðurstaða

Dómstóll telur rétt að fara yfir einstaka málsástæður, sem aðilar byggja máltilbúnað sinn á.

A. Um aðild kæranda að aðildarfélagi DSÍ

Samkvæmt e-lið 5.2. gr. laga ÍSÍ skal félagsaðild vera öllum frjáls nema málefnalegar og lögmætar ástæður réttlæti annað. Þá kveða 4. gr. laga DSÍ á um að aðildarfélög DSÍ séu öll aðildarfélög innan ÍSÍ sem stunda dansíþróttir. Í tíð eldri keppnisreglna WDSF var skýrt í ákvæðum 2.5.1 og 2.5.3 að WDSF skírteini séu gefin út af íþróttasamböndum til skráðra meðlima í viðkomandi íþróttasambandi. Núgildandi keppnisreglur WDSF tóku gildi í júní 2025. Orðalag þeirra um skyldu íþróttasambanda til útgáfu WDSF skírteina eru ekki jafnskýr og í tíð eldri laga. Ætlar dómur þó að ef það hefði uppástaðið WDSF að breyta reglum sínum þar um þá hefði það verið tekið fram. Verður það ekki ráðið af keppnisreglum WDSF að svo hafi verið gert og stendur því enn sú regla að það uppástandi viðkomandi íþróttasamband að gefa út WDSF skírteini.

Meginreglan um opna félagsaðild er grundvallarregla innan íþróttahreyfingarinnar, sem miðar að því að tryggja að einstaklingar hafi rétt til að stunda íþróttir og taka þátt í félagsstarfi án ómálefnalegra hindrana.

Kærða rökstyður synjun sína á WDSF skírteini með því að kærandi hafi ekki verið meðlimur í aðildarfélagi DSÍ, þar sem Dansfélagið Bíldshöfða hafi verið vísað úr ÍBR og ÍSÍ. Kærandi mótmælir þessu og vísar til þess að Dansfélagið Bíldshöfða sé enn starfandi. Þá hefur dómstóll ÍSÍ í máli nr. 8/2025 úrskurðað að synjun Dansfélags Reykjavíkur á aðild kæranda hafi verið





ólögmæt, þar sem kærandi hafði réttmætar væntingar um aðild og félagið færði ekki fram málefnalegar ástæður.

Þótt dómurinn í máli nr. 8/2025 hafi ekki beint viðurkennt aðild kæranda, felldi hann niður synjunina og gerði að kröfu endurskoðun ákvörðunar. Þessi niðurstaða veikir verulega rökstuðning kærða um skort á aðild kæranda í aðildarfélagi innan DSÍ, sérstaklega ef kærandi telst hafa réttmæta aðild að Dansfélagi Reykjavíkur.

Meginreglan um opna félagsaðild krefst þess að kærða sýni fram á málefnalegar og lögmætar ástæður fyrir því að kærandi geti ekki öðlast aðild í gegnum aðildarfélag, og í þessu tilviki hefur sú sönnunarbyrði ekki verið uppfyllt að fullu.

Dómstóllinn telur að rök kærða um skort á aðild kæranda að aðildarfélagi DSÍ standist ekki í ljósi niðurstöðu í máli nr. 8/2025 sem staðfest var með dómi áfrýjunardómstóls í máli 2/2025.

B. Um ásanir um ósæmilega háttsemi og siðareglur

Íþróttasamtökum ber rík skylda til að vernda hagsmuni barna og standa vörð um öryggi þeirra. Siðareglur DSÍ kveða á um strangar kröfur til háttsemi iðkenda og þjálfara. Hins vegar verða ákvarðanir byggðar á slíkum reglum að vera í samræmi við grundvallarreglur um réttláta málsmeðferð og sönnunarbyrði.

Þrátt fyrir ríka verndarskyldu gagnvart börnum, verður íþróttasamtökum að vera heimilt að taka ákvarðanir sem byggja á staðreyndum og sönnunargögnum, og þær verða að vera í samræmi við málsmeðferðarreglur. Að baki íþyngjandi ákvörðun þarf að liggja fyrir rökstuddur grundvöllur.

Kærða byggir, í málalímbúnaði sínum, á alvarlegum ásökunum um ósæmilega háttsemi kæranda í garð barna og vísar til ráðgjafar frá samskiptaráðgjafa. Kærandi hafnar ásökunum og bendir á að engin formleg mál hafi verið höfðuð gegn honum hjá lögreglu eða samskiptaráðgjafa. Samskiptaráðgjafi hefur staðfest að ekkert mál sé opið hjá embættinu. Kærða hefur ekki lagt fram neinar rökstuddar sannanir eða niðurstöður rannsóknar sem kærandi hefur haft tækifæri til að svara. Því er erfitt að fallast á að ásanirnar hafi verið sannaðar á þann hátt sem réttlætir þau viðurlög sem kærða hefur beitt, sérstaklega í ljósi skorts á rétttri málsmeðferð. Túlkun kærða á því að kærandi hafi sjálfviljugur vikið úr stjórn DSÍ og sagt að hann myndi „*ekki eiga afturkvæmt í dansinn*“ sem viðurkenning á ábyrgð er einhliða og þarf að meta í ljósi allra málsatvika, en slík yfirlýsing getur ekki ein og sér komið í stað formlegrar málsmeðferðar og sönnunar.





Þar sem kærða hefur ekki fært fram fullnægjandi sannanir eða fylgt rétttri málsmeðferð við mat á ásökunum, verður ekki fallist á að kröfur kærða um höfnun kæranda séu réttmætar á þessum grundvelli.

C. Um málsmeðferð og andmælarétt

Meginreglur réttarfars um andmælarétt, rannsóknarskyldu, meðalhóf og jafnfræði eiga við um málsmeðferð ípróttasamtaka þegar þau taka íþyngjandi ákvarðanir.

Andmælarétturinn tryggir að aðili máls eigi kost á að kynna sér málsgögn og málsástæður sem ákvörðun byggist á, leiðréttar fram komnar upplýsingar og koma að frekari upplýsingum áður en tekin er ákvörðun. Rannsóknarreglan kveður á um það skuli sjá til þess að mál sé nægjanlega upplýst áður en ákvörðun er tekin. Ef nýjar upplýsingar, sem eru aðila í óhag og hafa verulega þýðingu fyrir úrlausn málsins, bætast við, ber að veita aðila kost á að tjá sig um þær.

Kærandi heldur því fram að honum hafi ekki verið veittur fullnægjandi andmælaréttur, sérstaklega vegna nýrra forsendna kærða um ófullnægjandi félagsaðild vegna stöðu Dansfélagsins Bíldshöfða, sem komu fram í endanlegri ákvörðun en ekki í fyrirhugaðri ákvörðun. Ef þessar upplýsingar voru nýjar og íþyngjandi, og kærandi fékk ekki tækifæri til að tjá sig um þær áður en ákvörðun var tekin, gæti það brotið gegn rétti kæranda til andmæla. Þá hefur kærða ekki lagt fram sönnunargögn sem uppfylla kröfur réttlátrar málsmeðferðar til að rökstyðja ásakanir um ósæmilega háttsemi, sérstaklega þar sem samskiptaráðgjafi hefur staðfest að engin mál séu opin gegn kæranda. Því virðist sem rannsóknarskyldu kærða hafi ekki verið fylgt að fullu. Brot á andmælarétti og rannsóknarreglu geta leitt til þess að ákvörðun sé felld úr gildi án þess þó að í þeirri ákvörðun um niðurfellingu feli í sér efnisleg niðurstöðu í máli.

Dómstóll telur að annmarkar hafi verið á málsmeðferð kæranda.

D. Um félagafrelsi og atvinnufrelsi

Félagafrelsi er grundvallarréttur tryggður í 74. gr. stjórnarskrár. Allar takmarkanir á féлага- og atvinnufrelsi verða að vera lögmætar, nauðsynlegar og í samræmi við reglur um meðalhóf. Ákvörðun kærða um að synja kæranda um WDSF skírteini og útiloka hann frá viðburðum jafngildir í raun keppnisbanni, sem hefur veruleg áhrif á atvinnufrelsi og félagafrelsi kæranda. Ef ekki er sýnt fram á að ákvörðunin sé málefnaleg og hófleg, brýtur hún gegn meginreglum og stjórnarskrárvörðum réttindum. Þar sem ásakanir um ósæmilega háttsemi hafa ekki leitt til formlegra mála, og málsmeðferð hefur verið haldin annmörkum, er erfitt að réttlæta slíkar takmarkanir.





Það er því niðurstaða dómstólsins að í ljósi skorts á málefnalegum forsendum og annmörkum á málsmeðferð er ákvörðun kærða líkleg til að brjóta gegn félagafrelsi og atvinnufrelsi kæranda.

E. Um meðalhóf og jafnræði

Meðalhófsregla kveður á um að einungis skuli grípa til ráðstafana sem eru nauðsynlegar til að ná lögmætu markmiði, og að velja skuli það úrræði sem er vægast en nær samt tilætluðum árangri. Jafnræðisregla kveður á um að fara skuli með mál á jafnræðisgrundvelli.

Ákvarðanir sem takmarka réttindi einstaklinga verða að vera í samræmi við meðalhófsregluna, sem krefst þess að valið sé vægasta úrræðið sem nær tilætluðum árangri. Jafnræðisreglan krefst þess að sambærileg mál séu meðhöndluð á sambærilegan hátt.

Kærandi telur að ákvörðun kærða og brjóti gegn meðalhófsreglu með útilokun án formlegrar málsmeðferðar. Í ljósi þess að ásakanir um ósæmilega háttsemi hafa ekki leitt til formlegra mála hjá lögreglu eða niðurstöðu samskiptaráðgjafa, og þar sem málsmeðferð kærða hefur verið haldin annmörkum, verður ekki annað séð en að ákvörðunin um synjun á skírteini og útilokun sé brot á meðalhófsreglu. Auk þess liggur ekki fyrir fullnægjandi rökstuðningur fyrir þeirri íþyngjandi ákvörðun sem tekin var eins og fyrr greinir.

Um einstakar kröfur

Kærandi krefst þess að felld verði úr gildi ákvörðun kærða að meina kæranda að vera „innan vébanda“ kærða.

Með hliðsjón af öllu framangreindu, þ.e. aðild, ásakana um ósæmilega háttsemi og meðferð málsins kemst dómstóllinn að þeirri niðurstöðu að ákvörðun kærða um að meina kæranda að vera innan vébanda sambandsins sé ógild.

Standi til að meina kæranda aðild að sambandinu er lagt að kæranda að taka málið til meðferðar til málefnalegrar og rökstuddrar ákvörðunar í samræmi við lög og reglur.

Kærandi krefst þess að felld verði úr gildi ákvörðun kærða að hafna kæranda að taka þátt í „viðburðum“ sem kærði stendur að.

Með hliðsjón af þeirri niðurstöðu dómsins að ógilda þá ákvörðun að meina kæranda að vera innan vébanda kærða er ákvörðun kærða að meina kæranda þátttöku í viðburðum á vegum kærða ógild.

Kærandi krefst þess að felld verði úr gildi ákvörðun kæranda að fresta tímabundið ákvörðun um endurútgáfu WDSF skírteinis í tvö ár.





Kærandi krefst þess að ákvörðun kæranda um að hafna endurútgáfu WDSF skírteinis á þeim grundvelli að kærandi sé ekki félagsmaður í DSÍ verði felld úr gildi.

Dómstóll metur sem svo að kröfur þessar séu nátengdar og á grundvelli fyrrgreindra sjónarmiða dómsins að hægt sé að taka afstöðu til þeirra saman.

Með hliðsjón af þeirri niðurstöðu dómsins að ógilda þá ákvörðun að meina kæranda að vera innan vébanda kærða er ákvörðun kærða að fresta útgáfu WDSF skírteinis hans ógild. Siðari ákvörðun kæranda að hafna endurútgáfu WDSF skírteinis er einnig felld úr gildi.

Kærandi krefst þess að viðurkennt verði með dómi ÍSÍ að kæranda sé skylt að gefa út WDSF skírteini til kæranda.

Dómstóll ÍSÍ telur það ekki á sínu valdsviði að taka ákvörðun um útgáfu skírteinis kæranda til handa. Slík ákvörðun er á hendi kærða. Með hliðsjón af fyrrgreindum röksemdum dómstólsins um málefnalega niðurstöðu byggða á lögum og reglum ætlar dómstóllinn að það uppástandi kærða að taka ákvörðun um útgáfu WDSF skírteini til kæranda. Synjun á útgáfu skírteinis má þá eftir atvikum bera undir dómstólinn.

Kærða verði gert að greiða málskostnað

Málskostnaður fyrir dómstól ÍSÍ fellur niður.

Niðurstaða

Í ljósi framangreindra málsatvika og röksemda, og með hliðsjón af þeim lögum og reglum sem hér koma til skoðunar, kemst dómstóllinn að þeirri niðurstöðu að ákvarðanir Dansíþróttasambands Íslands (DSÍ) séu ógildar vegna annmarka á málsmeðferð og skorts á málefnalegum forsendum. Aukinheldur er einni kröfu kæranda hafnað þar sem hún fellur utan valdsviðs dómstólsins. Þá hefur niðurstaða í máli nr. 8/2025, þar sem synjun Dansfélags Reykjavíkur á aðild kæranda var dæmd ólögmat, áhrif á þann rökstuðning kærða um að kærandi hafi ekki haft aðild að aðildarfélagi DSÍ. Kærði hefur ekki sýnt fram á fullnægjandi sannanir eða að kærandi hafi notið réttrar málsmeðferðar varðandi ásakanir um ósæmilega háttsemi.

Dómsorð

- 1) Ákvörðun Dansíþróttasambands Íslands um að meina Ragnari Sverrissyni að vera innan vébanda sambandsins er ógild.
- 2) Ákvörðun Dansíþróttasambands Íslands um að hafna Ragnari Sverrissyni að taka þátt í viðburðum á vegum sambandsins er ógild.





- 3) Ákvörðun Dansíþróttasambands Íslands um að fresta endurútgáfu WDSF skírteinis til Ragnars Sverrissonar er ógild.
- 4) Ákvörðun Dansíþróttasambands Íslands um að hafna endurútgáfu WDSF skírteinis til Ragnars Sverrissonar er ógild.
- 5) Kröfu kæranda um að dómstóll ÍSí viðurkenni skyldu Dansíþróttasambands Íslands til að gefa út WDSF skírteini til Ragnars Sverrissonar er vísað frá.
- 6) Málskostnaður fellur niður.



[Stefán Karl Kristjánsson]

Um málskotsheimild

Aðilum er bent á að frestur til áfrýja máli til áfrýjunardómstóls ÍSí er ein vika frá því að aðilum var kunnugt um niðurstöðu málsins, en þó eigi síðar en fjórum vikum eftir að dómur var kveðinn upp, sbr. grein 35.3. í lögum ÍSí.

